



BLÖNDUÓSBÆR
Hjúlkabyggð 33 | 540 Blönduós | Sími 455-4700



STEFNURÆÐA SVEITARSTJÓRA MEÐ FJÁRHAGSÁÆTLUN 2018



I. Inngangur

Fjárhagsáætlun fyrir árið 2018 var lögð fram til fyrri umræðu 21. nóvember 2017 og er til endanlegrar afgreiðslu við síðari umræðu 5. desember 2017. Þriggja ára áætlun var lögð til fyrri umræðu á sama fundi sveitarstjórnar og var henni vísað til síðari umræðu og afgreiðslu í sveitarstjórn þann 5. desember 2018.

Nokkrar lykiltölur og forsendur fyrir árið 2018.

- Rekstur fyrir fjármagnsliði er jákvæður um 55. mkr. Útkomuspá fyrir árið 2017 gerir ráð fyrir 56 m.kr. Rekstur fyrir fjármagnsliði var 90. m.kr. árið 2016 sem skýrist að hluta til af sölu eigna.
- Fjármagnsliðir eru áætlaðir 40 milljónir 2018 voru 36. mkr. 2016
- Rekstrarniðurstaða er jákvæð um 14,5 milljónir árið 2018 en var jákvæð um 54 m.kr. 2016. Útkomuspá fyrir árið 2017 gerir ráð fyrir 20 milljóna kr. hagnaði á rekstri Blönduósbæjar.
- Veltufé frá rekstri er áætlað 106 m.kr. 2018. Var 92 m.kr. 2016 Útkomuspá fyrir árið 2017 gerir ráð fyrir 90. mkr. veltufé frá rekstri.
- Gert er ráð fyrir 2,5% verðbólgu á árinu 2018

Nokkur fjöldi kjarasamninga losnar á seinni hluta árs 2017 þar á meðal kjarasamningur Félags grunnskólakennara og Sambands sveitarfélaga.

Næsta stóra samningalota verður svo við lok árs 2018 þegar 78 kjarasamningar losna. Fljótlega þar á eftir, eða þann 31. mars 2019, renna út 146 kjarasamningar. Í fjárhagsáætluninni er gert ráð fyrir 3% hækkun á launum kennara og 2% á aðra starfsmenn þar sem kjarasamningsbundin hækkun kemur til 1. júní 2018. Launakostnaður 2016 var 458 m.kr., útkomuspá 2017 gerir ráð fyrir 474 m.kr en fyrir árið 2018 er gert ráð fyrir 515 m.kr. launakostnaði.

Ljóst er að mikill árangur hefur nást í rekstri Blönduósbæjar og allar kennitölur sýna að hann er í góðu jafnvægi. Miklu máli skiptir að halda áfram á sömu leið og áfram verður gerð sú krafa til forstöðumanna að gæta ítrasta aðhalds í rekstri. Ella er mikil hætta á því að vinna undanfarinna ára

verði fyrir bí og gjaldaliðir í rekstri Blönduósbæjar éti upp allan ávinning síðustu ára.

Tekjustofnar sveitarfélagsins eru ekki fullnýttir samkvæmt fjárhagsáætluninni. Svigrúm er til þess að hækka hlutföll fasteignaskatts í A og C lið.

II. Íbúapróun


Íbúapróun hefur verið nokkuð stöðug ef litið er til síðustu ára og hefur íbúum fækkað lítilega. Íbúum hefur fjölgað frá síðasta ári og voru 890 íbúar í byrjun desember 2017.

Sveitarfélag	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017	Mism. á 10 árum	
Blönduósbær	904	907	882	904	871	878	881	861	865	866	-38	-4,4%
Skagaströnd	530	521	519	530	504	506	498	488	489	479	-51	-10,5%
Húnavatnshreppur	449	428	431	417	412	405	409	414	403	408	-41	-9,9%
Skagabyggð	105	102	106	105	104	100	98	99	109	101	-4	-4,0%

Samtals 1988 1958 1938 1956 1891 1889 1886 1862 1866 1854 **-134** **-7,2%**

Íbúatala 1. janúar ár hvert

Hér að neðan má sjá íbúapróunina í héraðinu en íbúum hefur fækkað um 134 á síðustu 10 árum eða um -7,2%.



Íbúar á Blönduósi voru 866 samkvæmt tölum frá Þjóðskrá þann 1. janúar 2017. Íbúatala þann 1. desember 2017 var 890. Árið 2008 voru íbúar

Blönduósbæjar um 45,5% af íbúum A-Húnavatnssýslu en hlutfallið í ársbyrjun 2017 var 46,5%.

III. Skatttekjur, Jöfnunarsjóður og aðrar tekjur

Skatttekjur:

2016 Rauntölur	2017 Útkomuspá	2018 Áætlun
687.025	701.765	759.184

Skatttekjur Blönduósbæjar aukast á milli áranna 2016 og 2017 um 15 m.kr. eða um 2,1%. Tekjuaukning milli áranna 2016 og 2018 er 72 mkr. eða 9,5% hækkun á því tímabili.

Nánari sundurliðun skatttekna:

Útsvar:

Miðað er við að útsvarshlutfall fyrir árið 2018 verði hámarksútsvar, þ.e. 14,52% af útsvarsstofni.

Stuðst var við upplýsingar frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og jöfnunarsjóði Sveitarfélaga við áætlun útsvars auk áhrifa af kjarasamningsbundnum hækkunum sem reiknaðar voru til hækkunnar. Áætlaðar tekjur vegna útsvars verði 435 milljónir króna en áætlun Sambandsins gerir ráð fyrir 440 m.kr. staðgreiðslu. Útsvarshækkun á milli áranna 2017 og 2018 samsvarar þá 4,1% hækkun.

Fasteignaskattur:

A-flokkur - af fasteignamati íbúðarhúsnæðis	0,48%
B-flokkur - af fasteignamati bygginga í opinberri eigu	1,32%
C-flokkur - af fasteignamati annarra eigna	1,6%

Fasteignaskattur 2018 er áætlaður: 80.913 þús. kr.

Vatnsgjald á A-hluta, B-hluta og C-hluta fasteigna er 0,30% af fasteignamati allra húsa og lóða. Aukavatnsgjald greitt fyrir hvern rúmmeter að 50.000 rúmetrum er 20 kr. á rúmmetra(m³) og er tengd við byggingarvísitölu 119,3 stig í desember 2013. Afsláttur til stórnotenda verður 25% fyrir notkun umfram 50.000 m³ og 5% auka yfir hverja 25.000 m³ umfram það. Fráveitugjald er 0,275% af fasteignamati húss og lóðar. Lóðarleiga er 2% af fasteignamati lóðar fyrir íbúðarhús. Leiga fyrir ræktunar- og beitarlönd er 6.600 kr/ha. Lágmarks lóðarleiga fyrir ræktunar- og beitarlönd er kr. 8.800. Fasteignagjöld hækka um 10,6% á milli ára.

Sorphirðugjald er kr. 21.500 kr/íbúð og sorpeyðingargjald er 21.500 kr/íbúð. Sorphirðugjald og sorpeyðingargjald er því samtals kr. 43.000 fyrir árið 2018. Sorpeyðingargjöld á sumarhús, hesthús og gripahús í þéttbýli verða kr. 21.500. Sorpgjöldin hækka um 2,5% á milli ára.

Jöfnunarsjóður:

Framlög Jöfnunarsjóðs eru áætluð á milli ára og er gert ráð fyrir 266.430.000 kr. framlagi frá Jöfnunarsjóði. Framlög Jöfnunarsjóðs nema um 28,7% af tekjum samstæðunnar.

Gjaldskrár:

Í fjárhagsáætlunargerð 2018 var reynt að stilla gjaldskrárbreytingum í hóf.

- Álagningarprósenta íbúðarhúsnæðis lækkar úr 0,50 í 0,48, holræsagjald úr 0,285 í 0,275 og vatnsskatts úr 0,31 í 0,30.
- Gjaldskrá leikskóla 0% hækkun
- Gjaldskrá skóladagheimilis 0% hækkun
- Gjaldskrá skólamáltíða leikskóla 0% hækkun
- Gjaldskrá skólamáltíða Blönduskóla fylgir verðlagspróun
- Gjaldskrá um gæludýrahald hækkar um 2,5%
- Gjaldskrá Blönduskóla hækkar um 2,5%
- Gjaldskrá vegna sorp hækkar um 2,5%
- Gjaldskrá fyrir sundlaug og ípróttahús er óbreytt frá fyrra ári.
- Gjaldskrá vegna aukavatnsgjalds er 20 kr.m³. Gjaldskráin tekur breytingum miðað við vísitölu byggingarkostnaðar í

desember 2013, 119,3 stig, og verður því 22,82 krónur árið 2018.

- Gjaldskrá gæluðýrahalds hækkar um 2,5%.
- Húsaleiga hækkar um 10%

Lántökur og afborganir lána:

Gert er ráð fyrir lántöku að upphæð 80 m.kr. Afborganir langtímalána verði um 87 m.kr. og þar af eru 10 m.kr. vegna sölu á einni íbúð. Stefnt er að því að handbært fé verði um 6 m.kr. í árslok 2018. Veltufé frá rekstri verði 10,4% á árinu 2018. Langtímaskuldir munu halda áfram að lækka á næsta ári.

Veltufé frá rekstri og skuldbindingar:

Veltufé frá rekstri A og B hluta er 106 m.kr. en var 90 milljónir á árinu 2017 að teknu tilliti til útkomuspár fjárhagsáætlunar þess árs. Reiknað er með að langtímaskuldir samstæðunnar verði 762 m.kr. í árslok 2018, en voru 770 m. kr. í árslok 2016. Skammtímaskuldir eru áætlaðar 197 milljónir en þær voru 231 milljónir í árslok 2016. Gert er ráð fyrir að lífeyrisskuldbindingin hækki um 12 milljónir á milli áranna 2017 og 2018.

Fjárfestingar

Gert er ráð fyrir að fjárfest verði fyrir um 100 m.kr. á árinu. Nánar er gert grein fyrir fjárfestingum á sérstöku fjárfestingarblaði.




Skóflustunga að nýju húsi við Hnjúkabyggð sumarið 2017.

IV. Samantekt á rekstri málaflokka

	2013	2014	2015	2016	2017	2018
	Rauntölur	Rauntölur	Rauntölur	Rauntölur	Útg.spá	Áætlun
02 Félagsþjónusta	49.309	57.819	60.888	62.832	64.505	71.132
03 Heilbrigðismál	1.932	2.056	2.008	2.043	2.086	2.157
04 Fræðslu- og uppeldismál	275.476	296.105	327.806	355.464	380.609	399.843
05 Menningarmál	22.367	21.944	26.294	20.746	21.580	23.685
06 Æskulýðs- og íþróttamál	138.118	149.865	159.622	165.625	157.052	167.113
07 Brunamál og alm.varnir	13.530	14.051	14.241	15.926	14.834	16.924
08 Hreinlætismál	10.290	10.192	10.505	14.531	10.517	12.484
09 Skipulags- og bygg.mál	11.862	7.703	11.113	13.980	17.340	17.199
10 Umferðar- og samg.mál	15.868	17.106	18.261	22.005	22.743	16.199
11 Umhverfismál	14.251	14.320	15.411	15.100	15.928	17.444
13 Atvinnumál	11.647	14.330	13.194	17.927	20.046	21.520
21 Sameiginl. Kostn.	60.112	59.279	80.561	83.772	82.178	90.529

Þróun útgjalda á málaflokkum á árunum 2013-2018




Rekstrarleg afkoma

Blönduósbær samanburður frá 2014 til 2018

	2014	% af tekjum	2015	% af tekjum	2016	% af tekjum	2017*	% af tekjum	2018	% af tekjum
Tekjur samtals:	790.111		841.021		982.738		938.561		1.020.779	
Laun og launatengd gjöld	376.097	47,6%	426.429	50,7%	458.321	46,6%	473.553	50,5%	514.559	50,4%
Annar rekstrarkostnaður	339.975	43,0%	354.628	42,2%	380.086	38,7%	353.729	37,7%	395.579	38,8%
Rekstrarkostnaður samtals:	716.072	90,6%	781.057	92,9%	838.407	85,3%	827.282	88,1%	910.138	89,2%
Framlegð	74.039	9,4%	59.964	7,1%	144.331	14,7%	111.279	11,9%	110.641	10,8%

* Útgönguspá




Tekjur Blönduósbæjar frá árinu 2014 eru ætlaðar um 23% hærrí á árinu 2018 miðað við áætlun. Rekstur hefur á sama tímabili hækkað um 21%.

V. Þriggja ára áætlun:

Í þriggja ára áætlun sveitarfélagsins 2019-2021 kemur fram að reksturinn er í góðu jafnvægi. Helstu atriði þriggja ára áætlunar eru:

- Skuldir fara lækkandi
- Framkvæmdir sveitarfélagsins verða 70. mkr. á ári árin 2019-2021.
- Gert er ráð fyrir sölu á einni íbúð á ári.

Þróun heildarskulda og skuldbindinga Blönduósbæjar innan samstæðunnar frá 2009 til 2016 og áætlun fyrir 2017 og 2018 með og án lífeyrisskuldbindinga í hlutfalli við tekjur eða svokölluð skuldahlutföll má **sjá á mynd hér að neðan**:



Lífeyrisskuldbindingar eru um 24% af heildarskuldum Blönduósbæjar. Skuldahlutfall Blönduósbæjar án lífeyrisskuldbindinga er áætlað um 94% í lok næsta árs. Skuldaviðmið samkvæmt sveitarstjórnarlögum er áætlað að verði 103% í árslok 2018.



Kerfill sleginn sumarið 2017 við bakka Blöndu

VI. Lokaorð

Fjárhagsáætlun 2018 ber þess merki að mikill árangur hefur náðst í rekstri Blönduósbæjar á undanförunum misserum. Mörg viðfangsefni bíða sveitarfélagsins til framtíðar og því ætti sveitarfélagið að setja sér það markmið að skuldahlutfallið verði undir 100%, verður 103% í árslok 2018, og að veltufé frá rekstri verði um 15% að meðaltali á ári. Veltufé frá rekstri 2018 verður 10,8% og hefur verið að vaxa hægt en örugglega á undanförunum árum sem og skuldir hafa lækkað. Með því hefur skapast aukið svigrúm til fjárfestinga og allur rekstur sveitarfélagsins verður í betur stakk búinn að takst á við auknar kröfur sem lagðar eru á sveitarfélögin.

Á undanförunum 20 árum hefur sveitarfélagið ráðist í miklar fjárfestingar á íþróttamannvirkjum, leikskóla, grunnskóla, Félagsheimilinu, fráveitu og við endurskipulagningu í úrgangsmálum sem og mörg önnur viðhaldsframkvæmdir í sveitarfélaginu s.s. við Kvennaskólann. Mannvirkin eru tiltölulega ný þannig að lítill viðhaldskostnaður er fyrirsjáanlegur en að sama skapi eru háar afskriftir á nýlegum byggingum. Ljóst er að Blönduósbær þarf ekki að öllu óbreyttu að ráðast í kostnaðarsamar nýfjárfestingar á komandi árum.

Fjárfestingar og rekstur sveitarfélagsins ber þess merki að í dag er uppi gjörólík rekstrarstaða en á undanförunum árum. Það sést best á því að sveitarfélagið er farið að ráðstafa mun meira fjármagni til fjárfestinga en áður og nú er lögð meiri áhersla á viðhald fasteigna sveitarfélagsins sem og brýn umhverfisverkefni s.s. uppbygging skólalóðar.

Við mat á rekstri sveitarfélaga er ekki nægjanlegt að horfa til reksturs og skulda sveitarfélags heldur þarf jafnframt að horfa til þarfa á innviðafjárfestingu í viðkomandi sveitarfélagi og hvaða lagakröfur eru uppi sem leggja kröfur á sveitarfélög að leggjast úti í frekari fjárfestingar. Þegar horft er til þessa þátta er staða Blönduósbæjar mjög sterk. Innviðir sveitarfélagsins eru sterkir. Helstu innviðir eru fyrir hendi sem sveitarfélaga þarf í sinni grunnstarfsemi. Nauðsynlegir innviðir eru fyrir hendi og hægt er að fjölga íbúum verulega án þess að ráðast þurfi í frekari fjárfestingu. Þessi

staða er öfundsverð og á sama tíma að skuldir sveitarfélagsins hafa lækkað sem raun ber vitni.

Sveitarfélögin í Austur-Húnavatnssýslu hafa unnið ötullega að því að leita leiða við að efla atvinnulífið á svæðinu með sköpun nýrra starfa á Norðurlandi vestra m.a. með nýtingu raforku sem framleidd er í Blönduvirkjun. Markmiðið er að efla samkeppnishæfni svæðisins og jafnframt vinna að markaðssetningu svæðisins sem iðnaðarkosts. Blönduósbær hefur í samstarfi við sveitarfélögin í Austur-Húnavatnssýslu unnið að því að markaðssetja Blönduós fyrir gagnaver. Er það von sveitarfélagsins að innan fárra ára verði komið hér upp gagnaver sem muni fjölga störfum í sveitarfélaginu og styrkja samfélagið ennfrekar.

Stefnt er að því að sveitarfélagið skili rekstrarhagnaði árið 2017 eða tæp 15. mkr. Ljóst er að tekjuforsendur fjárhagsáætlunar 2018 eru varfærnar en gott er að eiga borð fyrir báru þar sem kjarasamningar grunnskólakennara eru lausir.

Við gerð þessarar fjárhagsáætlunar var, eins og áður, mjög treyst á vinnu deildarstjóra og stjórnenda Blönduósbæjar. Ég vil þakka deildarstjórum og stjórnendum hjá Blönduósbæ vinnu þeirra við þessa fjárhagsáætlun. Þeir sýna almennt ábyrgð varðandi sínar áætlanir og óskir um viðbót eða nýmæli. Þá vil ég þakka byggðaráði og sveitarstjórn góða samvinnu við gerð þessarar fjárhagsáætlunar og ítreka mikilvægi þess að bæjarfulltrúar ræði sig til sanngjarnrar niðurstöðu um sem flest mál. Með samvinnu og samstarfi að leiðarljósi næst árangur þar sem kjörnir fulltrúar ásamt starfsmönnum sveitarfélagsins leggja grunn að traustu og eftirsóknarverðu samfélagi.

Blönduósi, 5. desember 2017



Arnar Þór Sævarsson
Sveitarstjóri Blönduósbæjar